

**Ed.**

**320. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfrúfriðnum.

Frá bjargráðanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og lítur hún svo á, að breyting sú, sem það vill gera á lögnum, gangi í rjetta átt og sje vel við eigandi á þessum erfiðu tímum.

Það er alkunnugt, að vöruflutningar til landsins eru nú svo miklum kostnaði og vandkvæðum bundnir, að tímum saman hafa ýmsar smærri nauðsynjavörur verið ófáanlegar í mörgum kaптúnunum landsins, er stafar af því, að þær hafa ekki fengist fluttar eða rjettara sagt verið látnar sitja á hakanum fyrir alls konar óþarfavörum, sem margir svo glæpast á að kaupa, fyrir ránverð venjulegast, og stundum ekki síst þeir, sem ómannlegast bera sig og hæst kvarta undan dýrtíðinni.

Má telja víst, að landsstjórninni takist að ráða bót á þessu, ef hún fær þessa heimild.

Bjargráðanefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þessari

## BREYTINGARTILLÖGU.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Á eftir 3. tölulið 2. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að banna með reglugerð innflutning á vörutegundum, sem að hennar dómi eru ónauðsynlegar.

Alþingi, 6. júní 1918.

Guðjón Guðlaugsson,  
form..

Guðm. Ólafsson,  
ritari og framsögumaður.

Magnús Kristjánsson,  
með fyrirvara.

Sigurjón Friðjónsson.